

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
B.t. Jóhanns Páls Jóhannssonar, ráðherra
Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Selfossi 4. febrúar 2025

Efni: Ítrekun á bréfum til ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála um framkvæmd náttúruverndarlaga varðandi innflutning og dreifingu lifandi framandi lífvera

Hinn 1. júlí 2023 sendu Vinir íslenskrar náttúru (VÍN) ráðuneytinu [bréf](#), sjá meðfylgjandi skjal, þar sem komið var inn á framkvæmd XI kafla laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um innflutning og dreifingu lifandi framandi lífvera.

Ítrekun um svar á framangreindu bréfi var send 20. mars, 2024, sjá meðfylgjandi [bréf](#).


VÍN hefur ekki fengið nein viðbrögð við framangreindum bréfum, hvorki hvað varðar gerð reglugerðar skv. 63. gr. framangreindra laga né hefur félaginu borist afrit af fundargerðum sérfræðinganefndar frá setningu laga nr. 63/2013, eins og óskað var eftir.

Frá því að framangreind lög tóku gildi árið 2015 eru liðin nærri 10 ár og enn hefur ekki verið lokið við gerð reglugerðar þar sem ráðherra setur nánari fyrirmæli, m.a. um innflutning og dreifingu framandi tegunda. Þar á meðal um áhættumat og um þau sjónarmið sem leggja skal til grundvallar við mat á því hvort leyfi skv. 1. mgr. 63. greinar náttúruverndarlaga skuli veitt. Í lögnum kemur einnig fram að ráðherra getur, að fengnum tillögum sérfræðinganefndar, **ákveðið í reglugerð að banna innflutning og dreifingu tiltekinnna framandi tegunda og skal hann birta skrá yfir þær tegundir.**

Framangreindu til stuðnings má nefna að hér er nú stunduð óheft og stjórnlaus skógrækt í stórum stíl með framandi tegundum eins og stafafuru sem reynst hefur ein ágengasta trjátegund veraldar. Nýlega var birt [ritrýnd grein](#) um ágengni tegundarinnar hér á landi. Höfundar greinarinnar segja stafafuruna í Steinadal sýna öll helstu einkenni ágengrar tegundar sem hefur neikvæð áhrif á innlent lífríki. Þau telja stafafuruna líklega til að hegða sér með svipuðum hætti víða þar sem henni hefur verið plantað hérlendis og niðurstöður rannsóknarinnar bendi ótvírætt til þess að hún geti auðveldlega dreift sér um innlend vistkerfi. Auk fyrrgreindrar rannsóknar þá hafa náttúrufræðingar með mikla reynslu af náttúrufarsrannsóknum á Íslandi, og eru jafnframt félagar í VÍN, skráð m.a. með ljósmyndun útbreiðslu stafafuru frá mörgum skógræktarsvæðum. Ef fer fram sem horfir er um að ræða gífurlega breytingu á íslensku náttúrufari á næstu áratugum. Jafnframt má nefna þá hættu sem steðjar að íslenska laxastofninum með ræktun á framandi kynbættum frjóum laxi í sjókvíum.

Fyrir hönd VÍN óska ég hér með eftir að bréfum félagsins frá 1. júlí 2023 og 20. mars 2024 verði svarað. VÍN vill einnig hvetja ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftslagsmála til að fara að vinna að raunverulegri vernd líffræðilegrar fjölbreytni í landinu í samræmi við lög um náttúruvernd og þá alþjóðasamninga um lífríkisvernd sem Ísland hefur undirgengist. Félagið ítrekar að ekki sé nægilegt að móta stefnu um líffræðilega fjölbreytni og nota jákvæð hugtök án aðgerða í boðuðum áætlunum né að nota kolefnisbindingu og kolefnisjöfnun til að réttlæta notkun ágengra tegunda í skógrækt.

Virðingarfyllst,



Sveinn Runólfsson, formaður VÍN.

Vinir íslenskrar náttúru

c/o Sveinn Runólfsson
Tröllhólum 39
800 Selfossi

sveinnrun@gmail.com

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
B.t. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar ráðherra
Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Selfossi 20. mars 2024

Ágæti ráðherra!

Hinn 1. júlí 2023 sendu Vinir íslenskrar náttúru (VÍN) ráðuneytinu bréf, sjá meðfylgandi skjal, þar sem komið var inn á framkvæmd náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er varðar XI kafla laganna um innflutning og dreifingu lifandi framandi lífvera.

VÍN hefur ekki fengið nein viðbrögð við framangreindu bréfi, hvorki hvað varðar gerð reglugerðar skv. 63. gr. framangreindra laga né hefur félaginu borist afrit af fundargerðum sérfræðinganefndar frá setningu laga nr. 63/2013 eins og óskað var eftir.

Frá því að framangreind lög tóku gildi árið 2015 **eru liðin meira en átta ár** og enn hefur ekki verið lokið við gerð reglugerðar þar sem ráðherra setur nánari fyrirmæli, m.a. um innflutning og dreifingu framandi tegunda. Þar á meðal um áhættumat og um þau sjónarmið sem leggja skal til grundvallar við mat á því hvort leyfi skv. 1. mgr. 63. greinar náttúruverndarlaga skuli veitt. Í lögnum kemur einnig fram að ráðherra getur, að fengnum tillögum sérfræðinganefndar, **ákveðið í reglugerð að banna innflutning og dreifingu tiltekinnna framandi tegunda og skal hann birta skrá yfir þær.** Þetta hefur ekki verið gert nema að litlu leyti, sbr. reglugerð nr. 583/2000 sem sett var við eldri náttúruverndarlög.

VÍN er kunnugt um að hvorki er verið að vinna að gerð skrár yfir þær tegundir sem bannað er að flytja til landsins né að áhættumati yfir þekktar tegundir sem hér gætu lifað. Hér er átt við formlega skrá sem hefur lagalegt gildi. Sem dæmi má benda norska listann yfir framandi tegundir ([Fremmedartlista 2023](#)) þar sem [stafafuran er t.d. skráð](#) sem má benda á tegund með „Svært høg risiko“.

Þrátt fyrir fögur fyrirheit í nýlegri Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt (Líf og land) og gerð nýrrar landsskipulagsstefnu má fullyrða að víða sé pottur brotinn við framkvæmd laga um náttúruvernd er varðar vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Má þar nefna framkvæmd samningsins um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, framkvæmd Bernarsamningsins og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Því miður hefur skort nægilega eftirfylgni og takmarkanir sem duga til að koma í veg fyrir spjöll á íslensku lífríki þannig að það fái að þróast á eigin forsendum, sbr. markmið náttúruverndarlaga.

Framangreindu til stuðnings má nefna að hér er nú stunduð skógrækt í stórum stíl með framandi tegundum svo sem stafafuru sem reynst hefur ein ágengasta trjátegund veraldar. Ef fer fram sem horfir er um að ræða gífurlega breytingu á íslensku náttúrufari. Jafnframt má nefna þá hættu sem steðjar að íslenska laxastofninum með ræktun á framandi kynbættum frjóum laxi í sjókvíum.

Fyrir hönd VÍN óska ég hér með eftir að bréfi félagsins frá 1. júlí 2023 verði svarað. VÍN vill einnig hvetja ráðuneyti umhverfismála til að fara að vinna að raunverulegri vernd líffræðilegrar fjölbreytni í landinu í samræmi við lög um náttúruvernd og þá alþjóðasamninga um lífríkisvernd sem Ísland hefur undirgengist. Félagið ítrekar að ekki sé nægilegt að nota jákvæð hugtök án aðgerða í boðuðum áætlunum né að nota kolefnisbindingu og kolefnisjöfnun til að réttlæta notkun ágengra tegunda í skógrækt.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink that reads "Sveinn Runólfsson".

Sveinn Runólfsson, formaður VÍN

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðunetið

B.t. Guðlaugs Þór Þórðarsonar ráðherra

Skuggasundi 1, 101 Reykjavík

Selfossi 1. Júlí 2023

Félagið Vinir íslenskrar náttúru (VÍN) er að skoða framkvæmd laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sérstaklega framkvæmdina er varðar XI kafla laganna um innflutning og dreifingu lifandi framandi lífvera. Þar virðist vera pottur brotinn.

Í 63. gr. laganna kemur skýrt fram í 1. mgr. að óheimilt sé að flytja inn **eða dreifa** lifandi framandi tegundum nema með leyfi og að með umsókn um slíkt leyfi skuli m.a. fylgja “áhættumat”. Í 2. mgr. er undanþága sem nær til tegunda sem þá voru notaðar hér á landi, m.a. í landgræðslu og skógrækt. Þessi undanþága er þó bundin við „innflutning“ tegundanna, **en nær ekki til dreifingarinnar**, sbr. orðalag greinarinnar. Dreifing margra tegunda virðist þó vera í fullum gangi án leyfa, sbr. t.d. alaskalúpínu.

Komi fram beiðni um undanþágur skal Umhverfisstofnun leita umsagnar sérfræðinganevndar um þessi málefni sem kveðið er á um í XI kafla laganna.

Í greininni segir að ráðherra setji reglugerð sem feli m.a. í sér nánari fyrirmæli um innflutning og dreifingu framandi lífvera og um störf sérfræðinganevndarinnar. **Reglugerð var sett á grundvelli eldri laga árið 2000. Við hana hefur verið bætt í þrígang, en hefur eitthvað gerst varðandi reglugerðina eftir að nýju náttúruverndarlögin tóku gildi í nóvember 2015?**

Þar segir líka að ráðherra geti að tillögum sérfræðinganevndarinnar ákveðið í reglugerð að banna innflutning **eða dreifingu tiltekinna framandi tegunda** og skal hann birta skrár yfir þær. Unnið var að slíkum skráum fyrir mörgum árum og þeim bætt við reglugerðina sem viðaukum en hafa þær verið endurskoðaðar og uppfærðar eftir að nýju náttúruverndarlögin tóku gildi í nóvember 2015? Hefur sérfræðinganevndin haft eitthvert frumkvæði að slíkri vinnu síðastliðin ár, sbr. lagaskyldu hennar að mati okkar (VÍN)? Rétt þykir þess vegna að spyrja hver sé frumkvæðisskylda sérfræðinganevndarinnar að mati ráðuneytisins um tillögur til ráðherra um framandi tegundir sem banna þyrfti innflutning á eða dreifingu þeirra, sem ráðherra tæki til meðferðar? Þarf sérfræðinganevndin að bíða eftir óskum frá ráðherra um slíka vinnu eða hefur nefndin frumkvæðisskyldu skv. lögunum?

Samkvæmt 67. gr. laganna getur Umhverfisstofnun gripið til aðgerða ef framandi lífverur ógna líffræðilegri fjölbreytni. Hún getur komið böndum á eða upprætt slíkar lífverur að fenginni umsögn sérfræðinganevndarinnar. Hefur reynt á þetta ákvæði?

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið **óskar VÍN eftir að fá afrit af fundargerðum allra funda sérfræðinganevndarinnar frá því að lögin (nr. 60/2023) tóku gildi í nóvember 2015**. Nægir að fá þau á rafrænu formi. Jafnframt er óskað eftir svörum við þeim mörgu spurningum sem hér hafa verið settar fram og varða framkvæmd laganna.

F.h. Vina íslenskrar náttúru (VÍN)

Jón Gunnar Ottósson

Jón Gunnar Ottósson, starfandi formaður stjórnar